

Listamenn og börn?

Í þessu 8. tbl. af Troðning verður að mestu fjallað um list með börnum, barnalist og list fyrir börn.

List með börnum er vel þekkt hér sem og annarstaðar. Í skólum og þá einnig í leikskólum er lögð nokkur áhersla á skapandi vinnu fyrir börn. Oftast er sótt í hið hefðbundna form myndlistarinnar þ.a.e.s málun og teikning. Í flestum skólum er ágætis aðstaða fyrir þessa iðkun og margir skólar hafa innan skólana menntaða myndlistarmenn. Nemendur sem lengra eru komnir eru þá oftast í frjálsu vali sem myndlistabraut. Á Íslandi aftur á móti fer lítið fyrir því að list og þá listsýningar séu sérstaklega unnar t.d með myndlistarmönnum með börnum eða þá fyrir börn. Sú aðferð er aftur á móti vel þekkt mjög víða erlendis og er ákaflega vinsæl meðal barna, gallería og safna. Þannig sýningar laða oftast að sér stóra og breiða hópa af fólki. Oft eru þetta fyrstu kynni barna að sýningum og vinnu á listasviðinu. Því hafa verið starfandi fjöldin allur af sérstökum barna listasöfnum um allan heim. Í Noregi er t.d frábært listasafn barna sem á yfir 200.000 verk frá meir en 180 löndum. Safnið var stofnað árið 1986 og heimsóknir í það skipta hundruðum þúsunda gesta á ári hverju.

List fyrir börn er líka annað form þar sem listamenn einskorða verk sín við að höfða til barna (eða barnsins í hinum fullorðnu). Hjá myndlistarmönnum erlendis er mjög eftirsótt að komast í þannig aðstöðu að vinna verk og sýningu fyrir börn. Vinnan er krefjandi og kallar á nýjar hugmyndir á úrlausnum og framsetningu. Ég man ekki eftir að hafa séð sýningu hér á landi þar sem sérstaklega var gerð list fyrir börn. En hugmyndin er skemmtileg og er örugglega frábært innlegg í að fá nýja áhugasama unga list aðdáendur á söfnin - og veitir víst ekki af.


Barnalist er svo þriðja formið, en þá er oftast átt við hin al yngstu, frá 3 - 7 ára. Þar er oftast á ferðinni frumkrafturinn og frumteikningin. Hin fyrstu spor í sköpuninni á myndlistabrautinni. Þar gegna leikskólarnir megin hlutverkinu í að móta hugarheim barnanna til hugmyndarinnar að myndlist.



Myndirnar hér fyrir ofan eru dæmi um verk sem unnin eru af listamönnum fyrir börn.



Leikur og list.



Barna listasöfn !

Eins og áður sagði eru þó nokkur listasöfn til sem tileinkuð eru börnum og verkum eftir börn. Þar trónir fremst safn í Noregi sem ber heitið



THE INTERNATIONAL MUSEUM OF CHILDREN'S ART í Osló. Myndin hér til hliðar er af módeli af safninu. Þeir sem vilja kíkja á það á vefnum geta farið á slóðina : <http://english.barnekunst.no.152.bysant.com>



Grikkir reka einnig ágætis listasafn barna - *Museum of Greek Children Art*. Það safn er tileinkað börnum upp að 14 ára aldri. Þeir sem vilja skoða það geta farið á heimasíðuna:

<http://www.childrensmuseum.gr/english/mainfr.htm>
<http://mocha.org/>



Sum stór söfn leggja líka mikla rækt við list barna eða list með börnum. Eitt þeirra safna er t.d *The Metropolitan Museum of Art*. En á heimasíðu þess má finna tengil sem sýnir samstarf safnsins við börn og fjölskyldur.

Þeir sem vilja skoða það geta farið á heimasíðuna:
<http://www.metmuseum.org/home.asp>

Mörg önnur söfn má finna á netinu sem vert er að skoða.

Því miður verður það að segjast eins og það er að á Íslandi er litið á list með börnum eða list fyrir börn sem einhverskonar föndur.



Verk eftir starfandi listamenn fyrir börn.



Guð og dýrin - List með börnum !

“Guð og dýrin”



Árið 2008 varð til samstarfsverkefnið Guð og dýrin á milli tveggja listamanna og leikskólabarna í Keflavík. Verkefnið gekk út á það að börnin teiknuðu og lituðu myndir undir þemanu Guð og dýrin. Við

skiptumst síðan á öllum myndunum og unnum þær í olíu í fyrirfram ákveðinni stærð 100 x 80 cm. hvort okkar í sínu lagi og án þess að vita hvors annars aðferð eða útfærslu. Að lokum var haldin sýning á verkunum ásamt frumteikningum barnanna. Verkefnið var mjög skemmtilegt í vinnslu og framkvæmd, en um leið líka afar krefjandi því það er ákaflega auðvelt að afmá frumkraft barnanna í verkum þeirra ef ekki er full virðing við teikningar þeirra.



Bók var gefin út um verkefnið. Sýningin var vel sótt og börnin höfðu gaman af því að sjá verkin sín í útfærslu listamanna.

“Guð og dýrin” í Leipzig Þýskalandi.

Í framhaldi af þessu verkefni vann undirritaður samskonar verkefni með börnum í Leipzig í Þýskalandi. Verkefnið bar sama titil, nema nú voru börnin úr “trúlausum“ leikskóla. Börnin höfðu sem sé engan bakgrunn á trúmálum. Vissu í raun ekki hvað orðið Guð stóð fyrir. Í samstarfi við skólustjóra og eigenda leikskólans var ákveðið að vera ekki með trúar innleg fyrir börnin vegna verkefnisins, heldur leyfa þeim að túlka algjörlega frá sjálfu sér hugmyndina um Guð og dýrin. Ég ákvað hinsvegar strax annarsvegar, að skoða borgina Leipzig með augum barnsins og gerði það þannig að ég gekk borgina einn dag á hnjánum. Og hinsvegar í þeirri trú minni að í framtíðinni muni leikföng barna verða hönnuð eftir barnateikningum, ákvað ég að mála fígúrus barnanna / barnateikninganna sem ég fékk sendar, í þrívíddar formi inn í upplifun mína af því að vera í barnshæð í gönguferð minni um borgina.

Ég tók verkin með mér út og þau voru sýnd í Leipzig.

Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður





“Walking by Leipzig” 2009 100x80cm Guðmundur R Lúðvíksson

Vissir þú að ?

- * ...Að samkvæmt nýlegri könnun er Reykjanesviti vinsælasti viti landsmanna og Garðskagaviti er í öðru sæti.
- *... Að Tjarnargatan í Keflavík dregur nafn sitt af því að á vorin í leysingum safnaðist vatnið ofan úr heiðinni og af túnunum þar fyrir neðan í stóra tjörn á Sólvallartúninu. Vatnið féll fram til sjávar eftir rás sem það gróf sér á árunna rás og markaði skil á milli Keflavíkur og Njarðvíkurlands.
- * ... Að í kór Hvalsneskirkju er varðveittur legsteinn Steinunnar Hallgrímsdóttur dóttur Hallgríms Péturssonar og er sennilegt að Hallgrímur hafi sjálfur höggvið nafnið hennar í steininn.

Fróðleikur fengin af vef leiðsögumanna á Suðurnesjum. <http://www.reykjanesguide.is/v1/>



Verk eftir: Brian Alabaster



Í allri myndlist í gegnum tíðina skipa börn veigamikil hlutverk. Þetta má sjá mjög mikið í skulptúrum og þá einnig í verkum háendurreisnarinnar og allt fram á daginn í dag. Hér látum við myndirnar tala sínu máli.



Þjóðsagan “Lengi lifi Mókolla”.

Eitt sinn var bóndi í Krýsuvík sem átti 900 fjár. Fóstra hans sagði honum á haustin, hvað skera skyldi, en eitt haust er hún leit yfir fé bónda sagði hún aðeins: “Lengi lifir Mókolla,”



- og fékk bóndi ekki meira upp úr kerlingu, hvernig sem hann reyndi til.

Bóndi lét skera fátt fé þetta haust, en um veturinn missti hann 300 fjár í Kleifarvatn og 300 í Kerið á Kirkjufjöru; sjást þar enn kindabein, þegar smogið er inn í Kerið um fjöru, því að ekki er hægt að komast niður í það að ofan; 299 kindur missti bóndi niður fyrir berg, en mókollótt ær ein, sem bóndi átti, stóð á bergsbrúninni, þegar hann koma að; varð hann þá svo reiður yfir missi sínum, að hann

ætlaði að fleygja Mókollu fram af líka, en hún hafði sig undan bónda, og segir sagan, að svo margt fé hafi æxlast út af henni, að bóndi hafi orðið fjárríkur maður aftur.



What's New?
FACES & PLACES

The Art Zone
 interactive art that you can make online

FACES & PLACES encourages children of all ages to create portraits and landscape paintings in the style of American naive artists. By combining visual elements borrowed from more than 100 works in the National Gallery's permanent collection, this two-part interactive activity offers an overview of American folk art of the 18th and 19th centuries. (Shockwave, 6 MB).

<http://www.nga.gov/kids/kids.htm> - Skemmtileg ævintýra síða fyrir börn.
National Gallery of Art - Washington USA



538 Ninth Street, Suite 210
 Oakland, CA 94607

510.465.8770 (v)
 510.465.0772 (f)

hello@mocha.org

tue-fri 10am-3pm
 weekend noon-4pm



Saturday Stories: *Up, Up and Away* and *Itsy Bitsy Spider*
 February 6 | 1-2 p.m. | FREE!

Meet author Ginger Wadsworth (*Up, Up and Away*) and illustrator Dona Turner (*Itsy Bitsy Spider*) and listen to their amazing arachnid adventures. Then spin your own web and construct 8-legged creatures of your own.

Sponsored by Target

[read more>](#)

Family Extravaganza: Chinese New Year
 February 7 | 1-3 p.m.

Makers' Studio: Mixed Media Collage
 Feb. 18 | 7:30-10:30 p.m. | \$5

Evening artmaking for the over-21 crowd! This month, create a personal shrine or memory box with photos, found objects, fabrics and trims.




[read more>](#)

Book a Birthday Party or Field Trip at MOCHA
 MOCHA is the perfect place to celebrate birthdays and other special events. Or bring your school or community group for a hands-on field trip.

[read more about parties >](#)

[read more about field trips >](#)

<http://mocha.org/> - Museum of Children's Art




Notið t.d innan úr klósetpappírurllu fyrir búkinn.

Fullt af öðrum skemmtilegum myndum á <http://www.dltk-kids.com/>



Dragið upp mynd af höndunum ykkar og málið. Notið það síðan sem vængina á fuglinn.


HÖFUÐ




GOGGUR



FÆTUR



STÉL



Skrokkur

Nettímarit

9 töl. 2010

Troðningur



www.1og8.com